

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar á Holtamannaáfrétti.*
Í breytingunni felst að afmarkaðar eru tvær lóðir undir stöðvarhús virkjunarinnar og tengivirki.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. október 2013.
2. *Deiliskipulag smábýla úr landi Lækjartúns og Kálpholts.*
Í deiliskipulaginu felst að gert er ráð fyrir að á smábýlum og íbúðarhúsalóðum sé heimilt að reisa allt að 4 byggingar. Íbúðarhús mega vera allt að 250 m², gestahús 100 m², gróðurhús/geymsla 50 m² og skemma/útihús 500 m². Hámarksstærð frístundahúss á lóð F1 er 80 m² og hámarksstærð byggingar á iðnaðarlóð er 500 m². Í landi Lækjartúns 2 er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir allt að 1.000 m² útihús/fjánhús. Nýtingarhlutfall á smábýlum, íbúðarhúsalóðum og iðnaðarlóð er 0,05 og frístundalóð 0,03.
Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag fyrir hluta svæðisins, Lækjartún I og II sem samþykkt var í sveitarstjórn 20. febrúar 2001.
Samþykkt í sveitarstjórn 14. maí 2013.
3. *Deiliskipulag íbúðarhúss og frístundahúsa á jörðinni Herriðarhóli.*
Deiliskipulagið tekur til 15 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir ferðapjónustu og gistirými í smáhýsum. Skipulagið gerir ráð fyrir tveimur frístundahúsalóðum fyrir allt að 120 m² frístundahús og 30 m² gestahús/geymslu á hvorri lóð. Afmarkaðar eru tíu lóðir fyrir allt að 60 m² smáhýsi tengd ferðapjónustu. Austan Heiðarvegur og við bakka Vestara-Gíslholtsvatns er afmörkuð íbúðarhúsalóð fyrir allt að 250 m² íbúðarhús.
Samþykkt í sveitarstjórn 9. júlí 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. nóvember 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. nóvember 2013